

# ÁRSSKÝRSLA 2002

## ANNUAL REPORT





## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns . . . . .	2
Innheimta . . . . .	4
Iðgjald . . . . .	5
Verðbréfaeign . . . . .	6
Fjárfestingar 2002 . . . . .	6
Lífeyrismál . . . . .	7
Ársfundur 2002 . . . . .	8
Starfsemi sjóðsins á árinu 2002 . . . . .	9
Stjórn og starfsmenn . . . . .	10
Séreignarsjóður Framsýnar . . . . .	11
Innlend skuldabréf . . . . .	12
Gjaldeyrismarkaður . . . . .	13
Innlendur hlutabréfamarkaður . . . . .	13
Erlendir hlutabréfamarkaðir . . . . .	14
Fjárfestingarstefna . . . . .	15

### Ársreikningur:

Áritun endurskoðenda . . . . .	19
Skýrsla stjórnar . . . . .	20
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2002 . . . . .	22
Efnahagsreikningur 31. desember 2002 . . . . .	23
Yfirlit um sjóðstreymi 2002 . . . . .	24
Skýringar . . . . .	25
Yfirlit um breytingu á hreinni eign Séreignarsjóðs Framsýnar til greiðslu lífeyris 2002 . . . . .	34
Efnahagsreikningur Séreignarsjóðs Framsýnar 31. desember 2002 . . . . .	35
Sjóðstreymi Séreignarsjóðs Framsýnar 2002 . . . . .	36
Skýringar . . . . .	37
Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2002 . . . . .	42
Deildaskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2002 . . . . .	43

### Annual Report:

Auditors' report . . . . .	47
Report of the Board of Directors . . . . .	48
Statement of Changes in Net Assets Available for Benefits 2002 Divided by Pension Plan . . . . .	50
Balance sheet 31 December 2002 Divided by Pension Plan . . . . .	51

Mannauðurinn er lífið í styrkum undirstöðum íslensks atvinnulífs og því hefur Lífeyrissjóðurinn Framsýn gert framtíðina og undirbúning æskunnar fyrir atvinnulífið, að myndapema ársskýrslunnar í ár.



## Ávarp stjórnarformanns



Lífeyrissjóðurinn Framsýn er einn af yngstu lífeyrissjóðum landsins, því hann hóf starfsemi sína þann 1. janúar 1996. Samt sem áður má um leið halda því fram að hann sé með elstu sjóðum landsins, því við stofnun sameinuðust í honum lífeyrissjóðir sem höfðu starfað allt frá því 1970, þegar fyrstu lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir.

Framsýn byggir því á langri hefð og í honum er samankomin mikil reynsla, jafnt hjá stjórnendum og starfsfólki. Staða sjóðsins er því afar traust.

### Ávöxtunin

Slæmt ástand á erlendum hlutabréfamarkaði setur svip sinn á ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða. Árið 2002 var þannig þriðja árið í röð sem ávöxtun samtryggingarhluta Lífeyrissjóðsins var neikvæð að raungildi. Ávöxtunin var 0,8%, sem þýðir neikvæða raunávöxtun upp á 1,2%. Á síðasta ári var gripið til ýmissa aðgerða til að verja erlendar eignir gegn sveiflum íslensku krónunnar. Þessar aðgerðir skiluðu umtalsverðum árangri.

Aftur á móti var ávöxtun séreignahlutans jákvæð um 9,4%, en það felur í sér um 7,3% raunávöxtun. Skýringanna á mismunandi ávöxtun er einkum að leita í því að erlend hlutabréf eru lægra hlutfall af eignum séreignasjóðanna, auk þess sem öðrum aðferðum er beitt við uppgjör þeirra.

### Traust staða Framsýnar

Það er til marks um trausta stöðu Lífeyrissjóðsins Framsýnar, að þó ávöxtun hafi verið neikvæð í þrjú ár af sjö ára starfstíma sjóðsins, hefur ekki komið til þess að skerða hafi þurft

réttindi sjóðfélaga. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, eru heildarskuldbindingar um 2% hærrí en heildareignir. Þetta hlutfall má ekki verða meira en 10%, eða 5% um fimm ára skeið, þá þarf að grípa til skerðingar á réttindum. Síðastliðin fimm ár hefur raunávöxtun verið 3,57%.

Hrein eign samtryggingasjóðsins við lok síðasta árs var 53.407 milljónir og hækkaði um 1.365 milljónir á árinu. Hrein eign séreignasjóða var í árslok 267 milljónir og hækkaði um 171 milljón á árinu.

### Iðgjöld og sjóðfélagar

Á árslok áttu alls 136.038 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum, en virkir sjóðfélagar voru 16.716. Alls greiddu 31.168 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Þeir greiddu alls 2.902 milljónir í iðgjöld, sem er 1,5% aukning frá árinu áður. Alls greiddu 2.842 atvinnurekendur iðgjöld til sjóðsins á árinu, 14% fleiri en árið áður.

Sjóðfélögum með virka séreignasamninga fjölgaði úr ríflega 900 í um 1.100. Eign sjóðsins óx um 171 milljón, eða um 179%.

Samtryggingarsjóðurinn greiddi samtals 1.951 milljón í lífeyri árið 2002. Það er um 10,7% hækkan milli ára. Alls fengu 8.991 einstaklingur greiddan lífeyri, 4,2% fleiri en á síðasta ári. Þetta skiptist þannig að 6003 einstaklingar fengu greiddan ellilífeyri, 2.139 fengu örorkulífeyri, 1.114 fengu greiddan makalífeyri og 594 einstaklingar fengu greiddan barnalífeyri. Af þessum hópi fengu 859 einstaklingar greidda fleiri en eina tegund lífeyris.

Áður hefur verið minnst á gott gengi og ávöxtun séreignasjóðanna. Það er mikilvægt að draga það fram, því undanfarnar vikur hefur dunið á landsmönnum mikil auglýsingaherferð frá tilteknum fjármálastofnunum um gott gengi sjóða í þeirra





vörslu. Þar hafa t.d. verið sett fram súlurit, sem sýna sjóð með 8,7% nafnávöxtun og látið að því liggja að það sé sá sem best-um árangri skilar. Það þarf hins vegar að hafa í huga að á þessu súluriti er t.d. ekki að finna sjóði Framsýnar. Ef við bætum þeim við og notum sömu reiknireglu, fara þeir upp fyrir sjóði þeirrar fjármálastofnunar sem stendur fyrir auglýsingaherferðinni, með 9,5% og 11,5% nafnávöxun. Það má velta því fyrir sér hve stór hluti af ávöxtun séreignasjóðanna hjá fjármálastofnunum fer í að fjármagna umsýslu og síðan auglýsingar af þessu tagi. Það er a.m.k. víst að hjá Framsýn er því haldið í lágmarki.

## Framtíðarverkefni

Ég treysti því að þeir sem koma til með að stjórna Lífeyrisjóðnum Framsýn á komandi árum haldi áfram að velta upp möguleikum á því hvernig fjármunir sjóðfélaganna verði best ávaxtaðir, þannig að þeim verði tryggður sem mestur og bestur réttur til lífeyrisgreiðslna. Í því sambandi má varpa fram þeirri spurningu hvort það verði best gert með því að halda áfram því ferli sem hafið er, þ.e. að stækka einingarnar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sú leið er skynsamleg.

Ég er þeirrar skoðunar, að hið fyrsta þurfi að hefja viðræður milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar um skýrari verkaskiptingu milli Lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins, vegna lífeyris og örorkubóta. Í því sambandi má t.d. nefna þann möguleika, að makalífeyrir og örorkulífeyrir verði á ábyrgð samfélagsins, þ.e. í gegnum almannatryggingakerfið og Tryggingastofnun.

Enn eitt viðfangsefnið sem við þurfum að fara að huga að í náninni framtíð, er hvernig við ætlum að tryggja fólki lífeyri í takt við ævitekjur. Það verður að segjast eins og er, að þar er staða launafólks á almennum markaði annars vegar og þeirra sem eru á opinberum markaði hins vegar mjög mismunandi.



Lífeyrissjóðir á opinberum markaði hafa baktryggingu sem við höfum ekki. Hjá okkur er ávöxtunin lyklatríði, því við höfum ekki þessa baktryggingu.

Einnig er komið að því, að við þurfum að veða og meta kosti og galla þess að taka upp aldurstengt réttindakerfi í stað þess jafnávinnslukerfis sem við styðjumst við í dag. Margir þættir benda til þess að þetta geti verið sjóðnum nauðsynlegt.

Um leið og ég hætti stjórnarsetu í Lífeyrissjóðnum Framsýn, vil ég þakka öllum þeim sem ég hef fengið að vinna með á vettvangi hans, félögum mínum í stjórn, starfsfólki sjóðsins, sjóðfélögum og atvinnurekendum. Þetta starf hefur verið gefandi fyrir mig og ég á ekki aðra von heitari en að hún hafi skilað einhverjum árangri fyrir sjóðfélagana.

Halldór G. Björnsson,  
stjórnarformaður





## Innheimta

### Innheimta lána.

Öll skuldabréf í eigu sjóðsins eru í bönkum til innheimtu. Samið hefur verið við viðkomandi banka um innheimtukostnað og er þar um verulega lækkun að ræða m.v. gjaldskrá þeirra. Dagvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga til greiðsludags og eru skuldabréf sjóðsins send til lögfræðilegrar innheimtu ef vanskil verða 90 dagar. Á þessu tímabili er send út vanskilatilkynning og síðan lokaáðvörun þar sem gefinn er 10 daga frestur og tekið fram að verði hann ekki virtur þá sé skuldabréfið gjaldfallið.

### Innheimta iðgjalda.

Standi launagreiðandi ekki skil á iðgjöldum til sjóðsins á réttum tíma eru ítrekunarbref send í samræmi við 9. grein í samþykktum sjóðsins. Í lögum um Ábyrgðarsjóð launa sem sett voru á árinu 1992 er skilyrðum þeim lýst sem lífeyrissjóður þarf að uppfylla til að vangoldin iðgjöld gjaldþrota njóti ábyrgðar sjóðsins. Ábyrgðarsjóðurinn tryggir greiðslu á iðgjöldum til lífeyrissjóða allt að 18 mánuðum fyrir gjaldþrotarárskurð. Í 9. grein samþykktu Lífeyrissjóðsins Framsýnar eru ákvæði þessi tekin upp og sjóðnum gert að uppfylla þau. Yfirlit yfir móttækin iðgjöld eru send sjóðfélögum tvisvar á ári, í

mars og í september, og þurfa sjóðfélagar að gera athugasemdir við yfirlitið, staðfestar með launaseðlum, innan 60 daga frá útsendingardegi þess ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum. Ef ekki berst yfirlit frá sjóðnum getur það verið merki um að ekki sé staðið í skilum við sjóðinn. Réttindi geta því glatast ef sjóðnum er ekki gert aðvart um ætluð vanskil og er rík ábyrgð lögð á sjóðfélagann þessu samfara. Starfsmenn sjóðsins fylgjast með iðgjaldaskilum, en enginn gerir það betur en sjóðfélaginn sjálfur.

### Innheimtuyfirlit.

Á árunum 2000 og 2001 varð mikil aukning á vanskilum hjá sjóðnum. Þetta gekk að hluta til til baka á árinu 2002. Vanskil á lánnum minnkuðu sem skýrist bæði af því að sjóðurinn leysti til sín eignir þar sem áður voru mikil vanskil og einnig var gengið frá skuldum stærstu skuldara. Vanskil á iðgjöldum hafa aftur á móti stóraukist. Síðari hluta ársins 2002 fór innheimta verulega að þyngjast og aukning varð á innheimtu vanskila. Hér að neðan er sýnd staða þessara mála s.l. þrjú ár. Fækkun skuldabréfa í eigu sjóðsins á sér skýringu í raf-rænni skráningu húsbrefa.

allar fjárhæðir eru í þús kr.

Lán	1.1.2003	1.1.2002	1.1.2001
Fjöldi skuldabréfa í eigu sjóðsins	11.858	12.936	14.512
Gjaldf. afb., vextir og verðbætur	147.230	163.146	129.591
Fjöldi lána í innheimtu hjá lögmönnum	122	199	141
Upphæð vanskila í innheimtu með gjaldfellingu	204.102	548.332	307.221

allar fjárhæðir eru í þús kr.

Iðgjöld	1.1.2003	1.1.2002	1.1.2001
Fjöldi iðgjaldagr. í vanskilum hjá lögmönnum	311	236	171
Fjöldi innheimtumála hjá lögmönnum	645	494	250
Iðgjöld í innheimtu hjá lögmönnum í ársbyrjun með áföllnum dráttarvöxtum	350.378	248.387	149.915
Ætluð óinnheimt iðgjöld sjóðsins í ársbyrjun	380.000	340.000	270.000




# Iðgjald


Sjóðfélagar 16 - 70 ára greiða 4% af öllum launum sínum til sjóðsins og atvinnurekendur 6%. Iðgjald sjóðfélaga er umreiknað til stiga og lífeyririnn háður þeim útreikningi. Þannig verða lífeyrisgreiðslur mismunandi eftir því hve hátt iðgjald hefur verið greitt. Eftir því sem iðgjaldið er hærra verða lífeyrisgreiðslurnar hærri. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hætt-

ir hann að greiða iðgjald til sjóðsins, enda aflar hann sér ekki lífeyrisréttinda eftir þann tíma. Iðgjald sjóðfélaga fyrir hvert ár er umreiknað í stig. Ákveðin laun eru notuð til útreiknings á stigum og heita þau grundvallarlaun. Grundvallarlaunin eru ákveðin af stjórn sjóðsins og taka breytingum vísitölu neysluverðs. Grundvallarlaun fyrir árið 2002 eru kr. 751.109.-


Fjöldi sjóðfélaga




Greiðendur á árinu 2002



Stig sjóðfélaga



Stig greiðenda á árinu 2002






## Verðbréfaeign

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins í milljónum króna í árslok 2002 má sjá í eftirfarandi töflu og kökuriti hér á síðunni:

Verðbréfaeign 31.12.2002




	2002	%	2001	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	3.540,7	6,8	3.065,6	6,0
Skuldabréf með ríkisábyrgð	18.295,4	35,3	16.045,3	31,1
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2.316,6	4,5	2.621,7	5,1
Skuldabréf banka- og fjármálafyrirtækja	3.352,5	6,5	3.849,9	7,5
Fyrirtæki og önnur skuldabréf	3.340,0	6,4	2.050,8	4,0
Veðskuldabréf	5.365,7	10,4	6.095,8	11,8
Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum	179,2	0,3	214,0	0,4
Hlutdeildarskírteini	2.498,9	4,8	2.269,8	4,4
Innlend hlutabréf	8.854,4	17,1	7.170,8	13,9
Erlend hlutabréf	3.965,2	7,7	7.975,5	15,5
Önnur útlán	115,4	0,2	175,7	0,3
Samtals	51.824,0	100,0	51.534,9	100,0

## Fjárfestingar 2002

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins á liðnu ári má sjá í eftirfarandi töflu og kökuriti hér á síðunni.

Fjárfestingar 2002



	2002	%	2001	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	817,7	7,8	857,5	9,9
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3.470,2	32,9	2.510,2	28,9
Skuldabréf sveitarfélaga	0,0	0,0	0,0	0,0
Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja	423,1	4,0	481,6	5,5
Fyrirtæki og önnur skuldabréf	1.215,3	11,5	591,5	6,8
Veðskuldabréf	117,5	1,1	722,5	8,3
Hlutdeildarskírteini	1.313,7	12,4	340,9	4,0
Hlutabréf í innlendum hlutafélögum	2.885,4	27,3	1.786,2	16,0
Hlutabréf í erlendum hlutafélögum	318,4	3,0	1.387,2	20,6
Samtals	10.561,3	100,0	8.677,6	100,0



# Lífeyrismál

Á árinu 2002 námu lífeyrisgreiðslur sjóðsins samtals 1.951,3 milljónum króna. Lífeyrisbyrði sem hlutfall af iðgjöldum var 67,2%. Þetta hlutfall var 60,6% á árinu 2001, 63,2% á árinu 2000.

Hlutfallsleg hækkun lífeyris á árinu 2002 á sér aðallega skýringu í lægri iðgjaldatekjum en talsverður samdráttur varð í iðgjaldagreiðslum síðari hluta ársins.

## Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum frá stofnun sjóðsins.

Ár	Iðgjöld í þús.	Lífeyrisgreiðslur	Hlutfall
1996	1.428,2	1,019,5	71,7%
1997	1.691,8	1,113,8	65,8%
1998	1.935,4	1,195,7	61,8%
1999	2.097,1	1,299,4	61,9%
2000	2.351,1	1,486,2	63,2%
2001	2.859,9	1.762,4	60,6%
2002	2.901,5	1.951,3	67,2%

## Fjöldi lífeyrisþega.

Fjöldi lífeyrisþega á árinu 2002 var 9.850 og þar af fengu 859 lífeyrisþegar greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Skipting milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:

Lífeyristeg.	Fj. árið 2002	Fj. árið 2001	Breyting í %
Ellilífeyrir	6.003	5.774	+ 4,0%
Örorkulífeyrir	2.139	1.997	+ 7,1%
Makalífeyrir	1.114	1.108	+ 0,5%
Barnalífeyrir	594	506	+ 17,4%
Samtals	9.850	9.385	+ 5,0%



## Lífeyrisgreiðslur.

Lífeyristegund	Upphæð 2002	% af heild
Ellilífeyrir	1.208.024.341.-	62,3%
Örorkulífeyrir	568.785.364.-	29,3%
Makalífeyrir	125.997.040.-	6,5%
Barnalífeyrir	37.635.022.-	1,9%
Samtals	1.940.441.767.-	100,0%


## Örorkulífeyrismál

Örorkulífeyrir er stór og afgerandi þáttur í lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Örorkulífeyrir sem hlutfall af lífeyrisgreiðslum frá stofnun sjóðsins 1996 hefur verið eftirfarandi:

Upphæðir eru í þús. kr.

Ár	Heildarlífeyrir	Örorkulífeyrir	Hlutfall	Fjöldi
1996	1.019.519	334.873	32,8%	1.601
1997	1.109.710	346.897	31,3%	1.656
1998	1.190.357	361.843	30,4%	1.681
1999	1.293.868	383.507	29,6%	1.763
2000	1.479.348	436.117	29,5%	1.833
2001	1.752.746	523.344	29,9%	1.997
2002	1.940.441	568.784	29,3%	2.139

## Skipting örorkulífeyrisþega á árinu 2002 eftir stærstu sjúkdómsflokkum.







# Ársfundur 2002

Ársfundur Lífeyrissjóðsins Framsýnar var haldinn á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 23. apríl 2002 kl. 17:00.

## HELSTU MÁL OG SAMÞYKKTIR ÁRSFUNDARINS:

### Inngangur.

Þórarinn V. Þórarinsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Halldór Björnsson var kosinn fundarstjóri og Örn Arnþórsson fundarritari.

### Skýrsla stjórnar.

Þórarinn V. Þórarinsson flutti skýrslu stjórnar. Í skýrslunni var farið yfir helstu þætti úr rekstri sjóðsins á árinu 2001 sem var sjötta starfsár hans.

Í upphafi skýrslu stjórnar var á það minnt að sjóðurinn hafi eitt megin hlutverk; það er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau sem best má vera til þess að lífeyrisgreiðslur eftir starfslok verði sem allra mestar. Þetta er eina hlutverk sjóðsins og öll önnur markmið sem menn kunna að vilja líta til verða að falla að þessu megin markmiði.

Lífeyrissjóðirnir eru þegar meðal stærstu hluthafa í þorra stærstu fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfabingi. Þessar aðstæður leiða til þess að ásókn eftir þátttöku sjóðanna í atvinnurekstri af ýmsum toga mun síst fara minnkandi á komandi árum. Sveiflur í innlendu efnahagsumhverfi undirstrika nauðsyn þess að lífeyrissjóðir dreifi áhættu af þróun gengis og tiltölulega einhæfu atvinnulífi með því að hafa hluta eigna sinna bundinn í atvinnustarfsemi í öðrum löndum. Lífeyris-sjóðurinn Framsýn hefur markað sér þá stefnu að erlendar fjárfestingar verði 25-40% af heildareignum sjóðsins. Það dreifir því áhættu að ávaxta fjármuni lífeyrissjóðsins ekki aðeins í einu efnahagskerfi heldur sem flestum. Þannig ætti árangurinn að verða hvað tryggastur til lengri tíma lítið. Það er líka mikilvægt að undirbúa þann tíma þegar sjóðurinn hefur náð fullum þroska og heilu kynslóðirnar hafa tryggt sér full réttindi með greiðslu iðgjalds af öllum launum alla starfsævina. Þá munu lífeyrisgreiðslur nema svo háum fjárhæðum að miklu skiptir að þeir fjármunir verði ekki allir teknir úr innlendu atvinnulífi heldur komi stór hluti þessara greiðslna sem tekjur af erlendum eignum.

### Kynning ársreiknings.

Bjarni Brynjólfsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins fyrir árið 2001. Alls greiddu 31.976 sjóðfélagar hjá 2493 atvinnurekendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Í árslok voru 133.131 einstaklingar með inneign í sjóðnum. Virkir sjóðfélagar voru 16.961. Innborguð iðgjöld á árinu voru kr. 2.908 milljónir, og greiddur lífeyrir 1.763 milljónir. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 52.137 milljónum króna í árslok 2001.

### Tryggingafræðileg úttekt.

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum per 31.12.2001.

Skuldbindingar m.v. núgildandi samþykktir sjóðsins að teknu tilliti til framtíðarskuldbindinga eru kr. 103.075 milljónir en eignir með núvirðingu og verðmæti framtíðariðgjalda kr. 105.428 milljónir. Eignir umfram skuldir eru því taldar 2.353 milljónir eða 2,3% af skuldbindingum.

## BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SJÓÐSINS.

### Tvær veigamiklar breytingar voru gerðar á samþykktum sjóðsins.

Í fyrsta lagi var samþykkt að með samþykki stjórnar sjóðsins sé hægt í kjarasamningi að semja um hærra iðgjald en hefðbundin 10% af launum inn í samtryggingarvernd sjóðsins. Þetta ákvæði er sett inn vegna samkomulags Starfsgræna-sambands Íslands við Launaneftnd sveitarfélaga um allt að 15,5% greiðslur í lífeyrissjóð.

Í öðru lagi var ákveðið að heimila töku ellilífeyris frá 65 ára aldri. Eftirlaunaaldur hjá sjóðnum er 67 ára aldur en valkvætt er að flýta töku lífeyris til allt að 65 ára aldurs og lækkar þá upphæð lífeyris um 0,65% fyrir hvern mánuð sem töku hans er flýtt. Einnig er hægt að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og lækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.



## Starfsemi sjóðsins á árinu 2002

### YMIS ATRÍÐI UR REKSTRI SJÓÐSINS

#### Ný og endurbætt heimasíða.

Ný og endurbætt heimasíða sjóðsins hefur verið opnuð á slóðinni [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is). Sjóðurinn opnaði fyrst heimasíðu á miðju ári 1997 og hefur þar verið hægt að sækja allar upplýsingar um Lífeyrissjóðinn og starfsemi hans. Með hinum nýja vef er ætlunin að stunda öfluga og markvissa upplýsingamiðlun til sjóðfélaga og launagreiðenda. Til að svo megi verða þarf vefurinn að vera vandaður, lífandi og gagnvirkur upplýsingabrunnur fyrir þessa aðila.

Innan skamms tíma verður opnað fyrir aðgang sjóðfélaga að stöðu sinni hjá sjóðnum þ.e. Lífeyrisréttindum, iðgjaldaskilum, lánum og lánaréttindum. Launagreiðendur koma einnig til með að geta sótt allar upplýsingar um sín skil og stöðu og opnað verður fyrir rafræn skil til sjóðsins.

#### Jöklar-Verðbréf hf.

Starfsemi Jökla-Verðbréfa hf. á árinu 2002 gekk vel. Í upphafi árs var farið í að laga til í eignasöfnunum sem komu í vörslu hjá Jöklum. Eignasöfnin voru aðlöguð betur að vísitölum Kauphallarinnar m.a. með sölu einstakra hlutabréfa og kaupum á öðrum. Samkvæmt veltutölum frá Kauphöll Íslands var velta Jökla með hlutabréf meiri en hjá mörgum verðbréfafyrirtækjum, sem eru búin að vera lengur á markaðinum.

Á árinu var tekinn í notkun aðgangur að upplýsingarkerfinu Bloomberg. Í þessu kerfi er hægt að sjá helstu upplýsingar um öll þau verðbréf sem eru skráð út í hinum stóra heimi ásamt íslenskum hlutafélögum. Einnig eru miklar upplýsingar um alla þá verðbréfasjóði sem skráðir eru í kauphöllum um allan heim. Í dag geta Jöklar séð um að finna allar þær upplýsingar sem eigendur þurfa á að halda um einstök hlutafélög og þá verðbréfasjóði sem þeir hafa áhuga á að skoða og fjárfesta í. Í Bloomberg er líka hægt að gera ýmsan samanburð á myndrænu formi sem auðveldar alla framsetningu gagna.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2002 að fjárhæð 2,1 millj. kr. fyrir skatta og 1,7 eftir skatta samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam 70,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 75 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2003 vegna rekstrarársins 2002, en



Starfsmenn Jökla-Verðbréfa þeir Guðni Rafn Eiríksson og Jónas Dalberg framkvæmdastjóri rýna í skjáinn. Eru hlutabréfin að fara upp eða niður?

vísad er til ársreikningsins um meðferð hagnaðar ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

CAD-hlutfall félagsins, sem reiknað er út samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, var 209,0%. Hlutfall þetta má lægst vera 8%. Eiginfjárlutfall félagsins er 97,3 og er því ljóst að félagið er eignalega mjög sterkt.

Í árslok 2002 er hlutafé félagsins 75 millj. kr. Hluthafar eru tveir og eiga þeir hvor um sig 50% í félaginu. Hluthafarnir eru Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Lífeyrissjóðurinn Framsýn

Samkvæmt rekstraráætlun fyrir árið 2003 er reiknað með að hagnaður verði af starfsemi að fjárhæð kr. 3,6 millj. og 2,9 millj. eftir skatta

#### Janus Endurhæfing ehf.

Lífeyrissjóðurinn Framsýn endurnýjaði þjónustusamning sinn við Janus Endurhæfingu ehf. á árinu 2002. Samningur þessara aðila sem upphaflega var gerður á árinu 2001 gerir ráð fyrir að þrjár örorkulífeyrisþegar sjóðsins njóti þar endurhæfingar á hverjum tíma. Endurhæfing þessi er lífeyrisþegum sjóðsins að kostnaðarlausu og skerðir á engan hátt lífeyrisgreiðslur þeirra.

Janus Endurhæfing ehf. var stofnuð á árinu 2000 og fram til loka árs 2002 hafa 60 þátttakendur hafið þar endurhæfingu. Árangurinn af starfinu miðað við sama tíma er sá að 15 aðilar voru komnir í vinnu á almennum markaði og 18 voru enn í endurhæfingu.



## Stjórn og starfsmenn

### STJÓRN



Mynd tekin eftir stjórnarfund 20. mars 2003.

Talið frá vinstri: Helgi Magnússon, Sigurður T. Sigurðsson, Guðmundur Þ Jónsson, Ari Edwald varamaður, Halldór Björnsson formaður, Bjarni Lúðvíksson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Hjörleifur B. Kvaran. Fjarverandi var Þórarinn V. Þórarinsson

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af launþegum og fjórir af vinnuveitendum. Átta varamenn eru kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kosning fulltrúa launþega fer fram á ársfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins kýs fulltrúa vinnuveitenda. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra. Stjórn sjóðsins sem að hluta var kosin á ársfundi 24. apríl 2001 og að hluta á ársfundi 23. apríl 2002, skipa eftirtaldir menn:

Halldór Björnsson, formaður  
Þórarinn V. Þórarinsson, varaformaður  
Bjarni Lúðvíksson  
Guðmundur Þ Jónsson  
Helgi Magnússon  
Hjörleifur B. Kvaran  
Sigurður T. Sigurðsson  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Á árinu 2002 voru haldnir alls 17 stjórnarfundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktar hans, sem samþykktar hafa verið á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Meðal þess efnis sem stjórnin fjallar um á fundum sínum er stefnumörkun, breytingar á samþykktum, lánareglur og útlán sjóðsins, skuldabréfa- og hlutabréfakaup, erlendar fjárfestingar og kynningarmál sjóðsins.

### SKRIFSTOFA OG STARFSMENN



Starfsmenn sjóðsins eru eftirtaldir:

Talið frá vinstri:

Örn Arnþórsson  
Sigurborg Reynisdóttir  
Anna Lis Hjaltadóttir  
Áslaug Jónsdóttir  
Ingileif Kristinsdóttir  
Bjarney Sigurðardóttir  
Anna Björk Sigurðardóttir  
Guðrún K. Sigurðardóttir  
Bjarni Brynjólfsson  
Halldór Kristinsson  
Hjördís Karlsdóttir  
Auður Eggertsdóttir (vantar á mynd)  
Jónína Benediktsdóttir (vantar á mynd)  
Kristín Pétursdóttir (vantar á mynd)

Starfssvið:  
skrifstofustjóri  
innheimta iðgjalda  
innheimta iðgjalda  
skráning iðgjalda  
bókhald  
Séreignarsjóður Framsýnar  
sumarstarfsmaður  
gjaldkeri/lánamál  
framkvæmdastjóri  
fjármál/sérverkefni  
afgreiðsla/móttaka  
lífeyrismál  
lánamál  
skráning iðgjalda

Skrifstofa Lífeyrissjóðsins Framsýnar er að Sætúni 1, sími 515-4700, fax 515-4701. Afgreiðslutími er frá kl. 8.30 – 16.30. Yfir sumarmánuðina maí - september er afgreiðslutími kl. 8 -16. Hjá sjóðnum starfa nú 13 starfsmenn í fullu starfi.





## Séreignarsjóður Framsýnar

Á fjórða starfsári Séreignarsjóðs Framsýnar varð mikill vöxtur og jukust eignir sjóðsins um rúmlega 171 milljón króna á árinu sem er 179% aukning frá fyrra ári.



Í ársbyrjun 2002 hækkaði mótframlag launagreiðenda til þeirra sem gert höfðu samning um séreignarsparnað, úr 1% í 2%. Þann 1. júlí tók síðan gildi nýtt ákvæði í kjarasamningum þess eðlis að launagreiðendum bar skylda til að greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlag af hans hálfu. Þetta ákvæði gildir fyrir alla þá sem ekki hafa tekið þátt í séreignarsparnaði og hafa þar af leiðandi ekki fengið nein séreignarframlög. Við gildistöku þessa ákvæðis varð mikil fjölgun sjóðfélaga í Séreignarsjóði Framsýnar og þúsundir nýrra aðila bættust við. Þessir sjóðfélagar eru þó ekki að fá allt það út úr kjarasamningum sem þeir eiga rétt á þar sem hámarksmótframlag getur numið allt að 2,4% gegn 4% eigin framlagi. Margir hafa þó áttað sig á þessum kjarabótum og gert samning og náð þannig hámarksmótframlögum og samkvæmt gögnum kjararannsóknarnefndar hefur orðið mikil aukning í viðbótarlífeyrissparnaði í öllum starfsstéttum þjóðarinnar.

Yfirlit voru send til sjóðfélaga í byrjun árs og einnig um mitt ár þar sem fram komu sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðanda. Komi til vanskila frá launagreiðanda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falið að innheimta séreignarsparnaðinn.

Þrátt fyrir miklar sveiflur í ávöxtun síðastliðin ár hefur Séreignarsjóður Framsýnar skilað jákvæðri ávöxtun í báðum deildum sínum frá stofnun sjóðsins. Meðaltalsraunávöxtun Framtíðarsýnar 1, var 7,3% og nafnávöxtun 9,5% á árinu 2002, en meðaltalsraunávöxtun Framtíðarsýnar 2, var 9,3% og nafnávöxtun 11,5%.

Góð ávöxtun séreignarsjóðsins umfram samtryggingarsjóð skýrist einkum af því að erlend hlutabréf eru lægra hlutfall af eignum séreignarsjóðsins og einnig er uppgjörsaðferð sjóðanna ólík.

Eignir séreignarsjóðsins voru eftirfarandi í árslok 2002:





## Innlend skuldabréf


Það einkenndi innlendan skuldabréfamarkað að útgáfa húsbrefta jókst um 13% og var um 35 milljarðar. Við eðlilegar kringumstæður ætti verð húsbrefanna að lækka, ávöxtunarkrafa að hækka og afföll að aukast. Það gagnstæða gerðist hins vegar því ávöxtunarkrafan lækkaði. Annars vegar voru innlendir lífeyrissjóðir duglegir að kaupa húsbref enda drógu þeir flestir úr erlendum fjárfestingum og má segja að peningarnir leituðu í öruggari ávöxtun, innlend skuldabréf. Hins vegar varð vart erlendra fjárfesta sem sýndu húsbrefunum áhuga. Flestir þessara viðskiptavina eru að koma í hávaxtamynt tengda evrunni en evran styrktist umtalsvert gagnvart dollara á árinu. Ávöxtunarkrafa 25 ára húsbrefta lækkaði um 75bp á árinu og afföllin lækkuðu úr 10,0% í 4,6%.

Próun ávöxtunarkörfu IBH 26 2002



Lítið var um aðrar útgáfur á árinu fyrr en undir lok árs þegar ávöxtunarkrafan hafði lækkað talsvert. Það voru aðallega fyrirtæki sem gáfu út skuldabréf og kláruðust útboð þeirra yfirleitt mjög hratt.

Próun stýrivaxta Seðlabanka Íslands 2002



Stýrivextir Seðlabanka voru lækkaðir á árinu en í upphafi árs voru þeir 10,1% en enduðu árið í 5,8%.

Skuldabréfasamsetning sem hlutfall af heildarsafni sjóðsins var eftirfarandi í lok árs:

Flokkur	Hlutfall
Ríkistryggð skuldabréf	35%
Skuldabréf sveitarfélaga	4%
Skuldabréf banka og lánastofnana	7%
Fasteignatryggð skuldabréf	17%
Skuldabréf fyrirtækja	6%
Meðaltími skuldabréfasafnsins var 7,3 ár um áramótin.	





## Gjaldeyrismarkaður

Eftir mikla veikingu 2001 styrktist krónan um 13,5% á árinu 2002. Mest styrktist krónan á fyrri hluta ársins eða um 10%. Verulega dró úr verðbólgu strax á upphafsmánuðum ársins og var greinilegt að aðgerðir ASÍ og SA til að draga úr verðbólgu skiluðu góðum árangri á árinu. Hverfandi halli á vöruskiptum og væntingar um stóriðjuframkvæmdir urðu til að styrkja krónuna enn frekar. Verðbólgan mældist 2,0% á árinu 2002 og virðist vera kominn ágætis stöðugleiki á ný.

Mikil breyting varð á gengi dollars gagnvart evru og sveiflaðist frá 0,8910 í upphafi árs í 1,0493 í lok árs eða 17,8% breyting.


Sjóðurinn var nokkuð virkur á gjaldeyrismarkaði og setti sér ákveðnari stefnu hvað varðar gjaldeyrisvarnir. Varnirnar byggja annars vegar á því að koma erlendu eigninni nær gengisvog íslensku krónunnar, en hins vegar að koma eigninni yfir í íslenskar krónur.



## Innlendur hlutabréfamarkaður

Árið var gott á innlendum hlutabréfamarkaði. Mikil velta, góð hækkun, sameiningar og uppkaup.

Veltan á hlutabréfamarkaðinum var sú mesta í sögu hennar og nam um 320 milljörðum króna samanborið við 138 milljónir árinu áður. Vísitala aðallista hækkaði um 21,6% og úrvalsvísitalan um 16,7%. Innan atvinnugreina vísitalna Kauphallarinnar hækkuðu vísitölur lyfjagreinar og samgangna mest eða um 55,6% og 47,5%.



Á meðfylgjandi töflu má sjá þau félög sem hækkuðu og lækkuðu mest á árinu:

Félag	Breyting
Flugleiðir	174,3%
Kögun	83,5%
Skeljungur	73,6%
Nýherji	68,7%
IAV	67,8%
Skýrr	- 11,9%
TM	- 17,7%
ISHUG	- 20,0%
Marel	- 32,7%
Aco-Tæknival	- 34,0%





## Erlendir hlutabréfamarkaðir

Tíu verðmætustu eignarhlutar sjóðsins í innlendum hlutafélögum skráðum í Kauphöll Íslands um áramótin.

Félag	Millj.kr.
Íslandsbanki hf	3.052
Pharmaco hf	698
Samherji hf	654
Búnaðarbanki Íslands hf	568
Bakkavör Group hf	567
Hf Eimskípafélag Íslands	387
Össur hf	360
Þróunarfélag Íslands hf	346
Kaupþing banki hf.	308
Afl Fjárfestingarfélag	232

Mikil gróska einkenndi markaðinn. Sameiningar, valdabarátta og yfirtökur voru nokkrar. Orca hópurinn seldi hlut sinn í Íslandsbanka. Kaupþing styrkti stöðu sína í Skeljungi. Gaumur náði verulegum eignarhlut í Flugleiðum. Samherji keypti stóran hlut í Síldarvinnslunni og SR-Mjöli. Burðarás gerði yfirtökutilboð í ÚA, Skagstrending og HB. Pharmaco og Delta sameinuðust. Kaupþing eflir starfsemina á Norðurlöndunum með kaupum og sameiningum. Íslandssími sameinast Halló og Tali. Séð fyrir endann á einkavæðingu Landsbanka og Búnaðarbanka. Hér hefur einungis verið nefndur hluti af því ati sem einkenndi innlendan hlutabréfamarkað. Að lokum má geta þess að Verðbréfaþing Íslands og Verðbréfaskráning sameinuðust á árinu undir nafni Verðbréfaþings. Nafn viðskiptamarkaðarins breyttist við það í Kauphöll Íslands.

Í upphafi árs 2002 eftir tvö slæm ár á hlutabréfamarkaði var ekki von á eins slæmu ári í ár en reyndin varð önnur. Þriðja árið þar sem erlendir hlutabréfamarkaðir lækkuðu varð staðreynd í árslok og reyndist árið það versta af þessum þremur. Heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um -21,1%, NASDAQ um -31,5%, Dow Jones um 21,1% og S&P 500 um -23,4%. Ekki var hægt að rekja allt til minnkandi hagvaxtar og lægri hagnaðar fyrirtækjanna. Um mitt árið komu í ljós alvarleg bókhaldssvik, gjaldþrot stórfyrirtækja, aukid atvinnuleysi, ótti við hryðjuverk, ófriður og vaxandi taugatitringur í miðausturlöndum, hækkandi olíuverð og erfiðleikar Þýskalands. Allt þetta gerði það að verkum að árið var það versta og er lækkun erlendu markaðanna að verða sú lengsta í sögu þeirra. Stýrivextir í Bandaríkjunum lækkuðu hratt á árinu og Evrópa fylgdi að einhverju leyti eftir.

Erlend verðbréf sjóðsins voru ýmist ávöxtuð í sérgreindum hlutabréfasöfnum eða í hlutabréfasjóðum verðbréfafyrirtækja. Staða fimm stærstu eftir stærð var eftirfarandi um áramótin:

Fyrirtæki	Fjárhæð í vörslu (millj. kr.)
Morgan Stanley	2.153
Allianz Dresdner	1.402
ACM	906
Vanguard	439
Prudential Bache Securities	368





## Fjárfestingarstefna

Einn mikilvægasti þáttur sjóðsins er fjárfestingarstefna hans. Fjármálaeftirlitið setti reglur um innihald fjárfestingarstefnu rétt fyrir áramótin 2001 þar sem m.a. þarf að greina frá forsendum fjárfestingarstefnunnar. Hún er sett upp með hliðsjón af ýmsum þáttum s.s. því að lífeyrisbyrði hans er um 65% sem þýðir að innstreymi er í sjóðinn. Aldurs-samsetning sjóðfélaga skiptir einnig verulegu máli og stíga-tafla sem má sjá framar í skýrslunni. Tryggingafræðileg úttekt sýnir að skuldbindingar eru 2% umfram heildareignir og er það tiltölulega góð stada með tilliti til aðstæðna á verðbréfamörkuðum og í samanburði aðra lífeyrissjóði.

Við höfum notað svigrúm sjóðsins til að auka eign okkar í verðtrygðum skuldabréfum á árinu.

Á ársfundi sjóðsins í apríl s.l. var fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.

### Skuldabréf 50 - 70%

- 0 - 2% Innlán í bókum og sparisjóðum
- 25 - 40% Ríkistryggt skuldabréf: Skuldabréf útgefin eða með ábyrgð ríkis. Stuðst er við ríkisskuldabréf ríkja skv. áhættuflokki A sem viðskiptabankar nota við útreikning eiginfjárhlutfalls. Undir þennan flokk falla öll traustustu ríki að mati alþjóðlegra láns-hæfistofnana.
- 2 - 10% Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga: Skuldabréf gefin út af sveitarfélögum. Nokkrar takmarkanir eru settar á fjárfestingar þessa flokks eftir stærð og skuldsetningu sveitarfélaganna.

- 2 - 10% Bankar og aðrar fjármálastofnanir: Skuldabréf gefin út af bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum og fjármála fyrirtækjum enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum og séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.
- 2 - 10% Skuldabréf fyrirtækja Skuldabréf útgefin af stærri fyrirtækjum enda séu skuldabréfin skráð í Kauphöll Íslands eða sambærilegum verðbréfamörkuðum samþykktum af Fjármálaeftirlitinu. Takmarkanir skv. þessum lið miðast við stærð og eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna og lánstíma skuldabréfanna.
- 15 - 25% Skuldabréf tryggt með veði í fasteignum. Skuldabréf þessi eru bundin þeim takmörkunum að ekki er lánað umfram 65% af fasteignamati viðkomandi fasteignar. Strangari reglur eru settar um atvinnuhúsnæði og enn strangari um fasteignir utan höfuðborgarsvæðisins.
- Aðrar reglur og takmarkanir varðandi fjárfestingar skuldabréfa. Stefnt skal að vali skuldabréfa sem hafa góðan eftirmarkað til að auðvelda stýringu safnsins. Í þeim tilfellum sem keypt eru ómarkaðshæf skuldabréf skal miða við að þau beri hærri ávöxtun en markaðshæf bréf. Óverðtryggt skuldabréf skulu ekki fara yfir 15% af heildarverðmæti verðbréfasafnsins.







## Hlutabréf 30–50%

### • 5 - 25% Innland hlutabréf:

Megináhersla er lögð á hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands og þau félög sem eru regluleg viðskipti með. Takmarkanir við fjárfestingar í hlutabréfum taka mið af stærð hlutafélaganna, eiginfjárhlutfalli og eignaraðild, svo eitthvað sé nefnt. Kaupum á óskráðum hlutabréfum skal stýrt inn í þau fjárfestingarfélög sem sjóðurinn á hlut í.

### • 15–45% Erlend verðbréf:

Skuldabréf og hlutabréf útgefin af erlendum aðilum hvort sem þau eru gefin út í ísl. kr. eða í erl. mynt. Einnig hlutdeildarskírteini erlendra verðbréfasjóða og innlendra verðbréfasjóða ef megin stefna þeirra er að fjárfesta í erlendum verðbréfum. Markmið með fjárfestingu í erlendum verðbréfum er að dreifa áhættu og bæta ávöxtun sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja til skemmri tíma frá ofangreindum vikmörkum einstakra yfirflokka ef markaðsaðstæður kalla á slíkt.

Með hliðsjón af framangreindu er stefnt að því að leggja áherslu á eftirfarandi atriði til þess að ná hámarksávöxtun að teknu tilliti til öryggis og áhættu:

1. Allt að fimmtungur eigna sjóðsins lúti virkri eignastýringu
2. Hlutfall hlutabréfa verði aukið á næstu árum í allt að 45% af verðbréfasafni sjóðsins.

3. Skuldabréfasafn sjóðsins séu með meðalbínditíma 8 ár. Ath. þrængri reglur gilda um skuldabréf fyrirtækja, þannig að meðaltími annarra skuldabréfa þarf almennt að vera lengri en heildarmarkmið sjóðsins.

